Sjónlínan
Gleraugnaverslun
Strandgötu, Hafnarfirði / Sími 555 7060 / www.sjonlinan.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

ÁS
FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang: as@as.is - Heimasíða: www.as.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17

HAFNARFJÖRÐUR
GARÐABÆR
14. NÓVEMBER 2014
21. tölublað 4. árgangur
UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Tónlistarkennarar hafa undanfarið reynt að vekja athygli sveitarstjórna á stöðu sinni. Í vikunni fóru þeir á fund bæjarstjórna í Hafnarfirði og Kópavogi.

Formaður Félags tónlistarkennara:

Þráskák meðan klukkan tifar

Sigrún Grendal formaður Félags Tónlistarskólakennara segir að tónlistarkennurum, sem nú hafa verið í verkfalli í á fjórðu viku, sé stillt upp andspænis kröfum sem ekki sé hægt að verða við. „Og öllum okkar hugmyndum hefur verið ýtt út af borðinu. Ef samningsborðið væri taflborð þá er viðhöfð ákveðin þráskák og slíkt myndu skákmenn varla leyfa sér í tafli ef notuð væri klukka. Við erum hins vegar í verkfalli og því getur það þjónað öðrum markmiðum sveitarfélaga að stilla okkur aftur og aftur upp með þeim kröfum sem þeir vita að við getum ekki orðið við, meðan klukkan tifar.“

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, upplýsti við upphaf bæjarstjórnarfundar á miðvikudag að Samband sveitarfélaga hefði í þrígang lagt fram tilboð í deilunni og vísaði þar í minnisblað sem sambandið hefur sent sveitarfélögunum. Bæjarfulltrúar lýstu almennt þeirri skoðun að semja yrði við tónlistarkennara og samþykkti bæjarstjórnin einnig bókun um málið.

Tónlistarkennarar í Hafnarfirði skora á bæjarstjórn Hafnarfjarðar „að huga að starfsaðferðum Samninganefndar sveitarfélaganna sem greinilega er eingöngu með bakland í Reykjavík og fer gegn Starfsmanna- og jafnréttisstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.“ Þeir komu á fund bæjarstjórnar á miðvikudag. Tónlistarkennarar í Garðabæ hafa einnig skorað á bæjaryfirvöld þar.

Sjá umfjöllun bls. 8.


LAGNALAGINN,
PÍPARINN ÞINN
Fagmennska • Snyrtimennska • Áreiðanleiki • Traust
Kannaðu málið og bókaðu tíma núna
www.lagnalaginn.is /lagnalaginn
Sími : 774-7274 (7-PÍPARI)
LAGNALAGINN
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
BREYTINGAR • ENDURLÖGN • VIÐGERÐIR

hús & heilsa
Fyrsta fyrirtækið á Íslandi
Fagmennska og vísindi
Rannsóknir og ráðgjöf vegna raka og myglu
HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á ÞÍNU
HEIMILI EÐA VINNUSTAÐ?
Ástandsskoðun ◦ kaup ◦ sala
rakamæling ◦ sýnataka ◦ loftgæðamælingar
www.husogheilsa.is hh@husogheilsa.is s: 695 0525

Dýralæknirinn
í hjarta Reykjavíkur!
Í okkar augum er dýrið þitt einstakt!
Dýralækningastofa
Helgu Finnsdóttur
Skipasundi 15
Sérgrein: Sjúkdómar hunda og katta
Sími 553 7107 • www.dyralaeknir.com

EKKI GERA
EKKI NEITT
Motus hefur opnað þjónustuskrifstofu á 5. hæð
í verslunarmiðstöðinni Firði, Hafnarfirði.
motus

Fjölnota íþróttahús á dagskrá í Garðabæ

Gert er ráð fyrir umtalsverðum fjárfestingum í húsbyggingum í fjárhagsáætlun Garðabæjar á næsta ári og til ársins 2018. Fram kemur í fréttatilkynningu um fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár að ríflega 1,3 milljörðum króna verði varið til framkvæmda á næsta ári. Þar á meðal á að verja 300 milljónum til að ljúka við viðbyggingu Hofsstaðaskóla og 200 milljónum í fyrsta áfanga Urriðaholtsskóla. Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir fjárveitingum upp á um 300 millj. kr. til framkvæmda við gatnagerð, gangstíga og til úrbóta í hljóðvistarmálum. Til ársins 2018 er gert ráð fyrir að Garðabær verji hátt í 3,7 milljörðum króna alls til framkvæmda, en meðal annars sé stefnt að því að hefja framkvæmdir við fjölnota íþróttahús í bænum.

Í fjárhagsáætlun næsta árs eru heildartekjur bæjarins áætlaðar tæpir 11 milljarðar króna og útgjöld 10,25 milljarðar. Gert er ráð fyrir fjármagnsgjöldum upp á ríflega 570 milljónir króna, þannig að afgangur af rekstri bæjarins verði um 170 milljónir. Gert er ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu, 13,66 prósentum.

Stefnt er að því að skuldahlutfall Garðabæjar verði 97,5% í lok næsta árs og að það verði komið niður í 94,3% í árslok 2018. Viðmiðunarmörk sem skilgreind eru í sveitarstjórnarlögum segja að skuldahlutfallið megi ekki vera hærra en 150%.

Önnur umræða um fjárhagsáætlunina fer fram í bæjarstjórn Garðabæjar í byrjun desember.

Jarðhiti í landi Hafnarfjarðar í Krýsuvík:

HS orka og Hafnafjörður í viðræður

Orkufyrirtækið HS orka og Hafnarfjarðarbær ætla að halda áfram viðræðum um jarðhitasvæðið í Krýsuvík. HS orka sendi bænum erindi um frekari viðræður um svæðið, en fram kemur í erindi fyrirtækisins að undanfarin misseri hafi verið rætt um rannsóknir á svæðinu sem leitt gætu til orkuvinnslu.

Krýsuvík. Mynd: Wikipedia

Kærunefnd útboðsmála:

Stöðvar risasamning Sorpu

Milljarðasamningur Sorpu um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi hefur verið stöðvaður, af kærunefnd útboðsmála. Þetta kemur fram í úrskurði kærunefndarinnar frá 29. október.

Sorpa hefur staðið í samningum við fyrirtækið danska fyrirtækið Aikan A/S um málið og hefur það verið mörg ár í undirbúningi. Samþykkt var í stjórn Sorpu 12. maí í vor að ganga til samninga Aikan. Þá hafði Sorpa í febrúar birt tilkynningu á útboðsvef Evrópusambandsins um að semja ætti við Aiken án útboðs.

Íslenska gámafélagið og Metanorka kærðu samningsgerðina, en þau telja að bjóða eigi verkefnið út.

Þrír milljarðar

Nefnt hefur verið í þessu sambandi að aðferð Aikan verksmiðjunnar þjóni ekki markmiðum Reykjavíkurborgar varðandi sorpflokkun eða markmiðum um að draga úr úrgangslosun. Metanorka hefur enn fremur kynnt aðrar lausnir og ódýrari fyrir stjórnarmönnum í Sorpu ef marka má fundargerðir.

Gas- og jarðgerðarstöðin hefur verið árum saman á borði Sorpu. Áætlaður kostnaður við jarð- og gasgerðarstöðu Aikan mun vera um þrír milljarðar króna. Metanorka hefur talið sig geta reist stöð sem þjónar markmiðum borgarinnar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir helming þeirrar upphæðar.

Undanþága átti ekki við

Kærunefndin segir meðal annars í úrskurði sínum að Sorpa hafi ekki sýnt fram á að lausn Aiken sé sú eina sem fullnægi kröfum Sorpu. Þá geti hún ekki réttlætt fyrri ákvörðun sína með vísan í undanþágur í lögum um opinber innkaup.

Kærunefndin stöðvar því samningsgerðina tímabundið, þangað til hún hefur sjálf fjallað efnislega um málið í heild.

„Þetta kostar bara tafir“

„Þetta var þeirra ákvörðun, en ekki endanleg efnisleg ákvörðun,“ segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, í samtali við blaðið. „Nú er unnið að því að afla frekari gagna,“ segir hann og bætir því við að skoðanir Sorpu á málinu séu augljóslega aðrar en þeirra sem kærðu samninginn. Um hvaða afleiðingar ákvörðun kærunefndarinnar hafi segir Björn: „Þetta kostar bara tafir.“

Hann segir Sorpu hafa talið sig vera í fullum rétti með því að semja án útboðs og hefði talið það fullnægjandi að birta tilkynningu um samninginn á útboðsvef ESB. „Við töldum að þetta myndi duga ef einhver vildi gera við þetta athugasemd.“

Björn Halldórsson.

Björn segir að staða málsins hafi verið kynnt fyrir stjórn Sorpu, en þar eiga bæði Hafnarfjörður og Garðabær fulltrúa.

Skrifað undir samning um frjálsíþróttahús FH:

Hafnarfjörður greiðir allan rekstrarkostnað

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri og Viðar Halldórsson formaður FH undirrituðu á dögunum samning um leigu á tímum í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika. Samkvæmt samningnum, sem bæjarblaðið Hafnarfjörður/Garðabær fékk hjá bænum, þarf Hafnarfjarðarbær að greiða um þrettán og hálfa milljón króna á ári vegna hússins; ríflega 1,1 milljón króna á mánuði. Þetta er allur kostnaður við rekstur hússins.

Ingvar Jónsson íþróttafulltrúi, Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri, Viðar Halldórsson formaður FH og Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri Fjölskyldusviðs.

Fram kemur í kynningu á samningnum á vef Hafnarfjarðarbæjar að árlegur leigutími sé 1800 tímar eða 150 tímar á mánuði og á Íþróttabandalag Hafnarfjarðar ráðstafa 133 tímum á mánuði. Öðrum tímum verðu úthlutað til almennings og íþróttakennslu grunnskóla. ÍBH úthluti og skipti tímum milli aðildarfélaga. Samningurinn gildir í eitt ár.

Fram kemur í samningnum að hann sé hluti af heildarsamningi um rekstur íþróttamannvirkja FH. Í rekstraráætlun frjálsíþróttahússins, sem fylgir samningnum segir að heildarkostnaður við rekstur hússins nemi 13 og hálfri milljón króna. Í rekstrarkostnaðinum eru falin laun umsjónarmanns, hiti, rafmagn, þrif, viðhald, tryggingar og fleira. Því er ljóst að Hafnarfjarðarbær greiðir allan rekstrarkostnað hússins.

Skólahúsnæði á Álftanesi of lítið:

Þrjú holl í hádegismatnum

Foreldrafélag Álftanesskóla skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að setja húsnæðismál skólans á oddinn og að stækkun Álftanesskóla komist inn á framkvæmdaáætlun bæjarins hið fyrsta. Foreldrarnir skrifuðu bænum fyrir skömmu vegna málsins.

Þeir segja í bréfinu að starf skólans hafi um árabil liðið fyrir húsnæðisskort, en engar áætlanir liggir fyrir um að stækka skólann. Ástandið sé óviðunandi og hafi verið það allt of lengi.

Nú séu 450 nemendur í Álftanesskóla í 1. -10. bekk og þótt a.m.k. 11 sinnum hafi verið byggt við skólann, síðast árið 2005, sé mikill skortur á fullnægjandi kennslurými. Á skólalóðinni hafi verið lausar kennslustofur í á annan áratug. Allt geymslurými sé nýtt til kennslu og annars starfs skólans. Matsalur skólans sé það lítill að þrískipta þurfi nemendahópnum í hádegismat, á bilinu 11.30-13.00, og fara þurfi á milli húsa sama hvernig viðrar, segir meðal annars í bréfinu.

„Algjörlega óviðunandi er að starfsaðstaða sálfræðinga og annarra sérfræðinga við skólann fari fram í geymslum og skúmaskotum en núverandi aðstaða tekur ekki mið af breyttum forsendum í skólastarfi. Algjört ófremdarástand er einnig í húsnæðismálum Frístundar þar sem starfsemin er rekin í allt of litlu bráðabirgðahúsnæði, 110 börn á 211m²,“ segir í bréfi foreldranna.

Foreldrarnir segja að í framkvæmdaáætlun Garðabæjar sem nær til næstu þriggja ára séu engar áætlanir um að byggt verði við skólann en bænum ætti ekkert að vera að vanbúnaði.

VESTURGATA 18 OG 20 Í HAFNARFIRÐI

- Nýjar glæsilegar íbúðir til sýnis og sölu

Til sýnis og sölu 11 nýjar íbúðir í tveimur húsum sem eru á einstaklega góðum stað ofan við Norðurbakka hafnarinnar í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru til afhendingar strax annað hvort fullfrágengnar með glæsilegum innréttingum og öllum gólfefnum eða full-búnar án gólfefna. Stórar sólar-þaksvalir með tveimur stærstu íbúðunum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum og möguleiki að kaupa aukastæði.

- Glæsilegar þaksvalir með stærstu íbúðunum
- Ísskápur og uppþvottavél fylgir
- Engin íbúð í húsunum er eins
- Stærðir frá 92 fm og allt að 165,7 fm
- 2ja-4ra herbergja íbúðir
- Hús nr. 18 er með lyftu fyrir 8 íbúðir
- Einungis þrjár íbúðir í húsi nr. 20 /ein á hæð og sérstæði undir húsi í opnu bílskýli aukalega
- Álklætt fullfrágengið hús að utan
- Bókið tíma í skoðun
- Hönnuðir: Att Arkitektar / Tryggvi Tryggvason og Einrúm / Steffan Iwersen og Kristín Brynja Gunnarsdóttir

Verð frá 31.5 m.

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Sverrir Kristinsson og Kjartan Hallgeirsson, löggiltir fasteignasalar

Frá 1957
Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Athuganir Náttúrufræðistofnunar:

Mosaskemmdir við iðnaðarsvæðið

Nýjar rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands við iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni í Hafnarfirði sýna að mosi á svæðinu er sums staðar talsvert skemmdur. Þar sem skemmdirnar eru mestar er mosi dauður og endurvöxtur ekki sjáanlegur segir í frásögn á vef stofnunarinnar. Þó er ekki að fullu víst hvað veldur.

Á loftmyndum sést að mosi hefur byrjað að láta á sjá eftir að iðnaðarstarfsemi hófst á svæðinu á milli Berghellu og Gjáhellu. Háplöntur á svæðinu virðast þrífast allvel, segir stofnunin.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur rannsakað gróðurskemmdir við ýmis iðnaðarsvæði, til dæmis við álverin þrjú, Hellisheiði og orkuverið í Svartsengi. Þessar rannsóknir tengjast flestar vöktun á loftborinni mengun segir stofnunin, einkum þungmálmum, í andrúmslofti sem hefur staðið í áratugi. Mosasýnum hefur verið safnað á fimm ára fresti og þau greind.

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar voru í Hellnahrauni í byrjun júlí til að kanna hugsanlegar skemmdir á gróðri við háspennulínuna sem flytur orku að álverinu í Straumsvík „en þekkt er að galvanhúðuð háspennumöstur geta valdið skemmdum á gróðri í sínu næsta nágrenni," segir á vef stofnunarinnar. „Áhugavert þótti að kanna skemmdir á mosa við línuna en sett hafði verið fram sú tilgáta að háan styrk nokkurra þungmálma sem mælst hefur í mosa við Hellnahraun mætti rekja til háspennulínunnar," segir á vef náttúrufræðistofnunar.

Skemmdir á mosa fundust allvíða á rannsóknarsvæðinu, en mismiklar segir stofnunin. Langmestar voru þær næst lóð fyrirtækisins Furu sem er á milli gatnanna Gjáhellu og Berghellu. Skemmdirnar teygja sig þaðan til suðvesturs en úr þeim dregur tiltölulega hratt með aukinni fjarlægð. Þar sem skemmdir voru mestar var nánast allur mosi dauður og endurvöxtur ekki sjáanlegur.

Loftmynd af rannsóknarsvæðinu 2009. Svörtu stafirnir sýna legu háspennulínunnar. Mengun er mest á rauða svæðinu en minnst á því græna.
Mynd: Náttúrufræðistofnun.

Mosaskemmdir var að finna á tiltölulega takmörkuðu svæði norðvestan við öll háspennumöstur.

Fyrri mælingar stofnunarinnar sýna að sunnan við iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni hefur styrkur nokkurra efna í mosa reynst hærri en víðast hvar annars staðar á landinu. Náttúrufræðistofun segir að einkum sé um að ræða þungmálmana blý, sink, arsen og nikkel auk brennisteins. Útbreiðsla þessara efna bendi til þess að arsen, nikkel og brennisteinn komi frá álverinu en að blý og sink og fleiri efni megi að verulegu leyti rekja til iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun segir ekki ljóst hvað valdið hafi mosaskemmdunum við Hellnahraun „en ef þær endurspegla styrk þeirra efna sem nefnd eru hér að ofan er fátt sem bendir til þess að þau komi eingöngu frá háspennulínunni. Í ljósi þess að hér er um verulegar skemmdir að ræða er mikilvægt að rannsaka nánar hvað þeim veldur. Í því sambandi er m.a. áhugavert að kanna betur efnainnihald í gróðri við Hellnahraun, einkum blý og sink," segir á vef Náttúrufræðistofnunar.

Leiðari

Samfélagssáttmálinn

Ég hef aldrei getað skilið hvers vegna nokkrir þúsundkallar í launaumslag verkakonu eiga að setja efnahagslífið á hliðina. Heldur skil ég ekki að nokkrir þúsundkallar í vasa tónlistarkennara eigi að setja sveitarfélögin á hliðina.

Alltaf er því samt haldið fram að passa verði upp á kjarabætur til hinna lægst launuðu. Fái einhver þá hugmynd að meta eigi störf fólks að verðleikum hefst upp söngur sérfræðinga sem bergmálar í fréttum og leiðurum, að efnahagslífið þoli það ekki.

En hvernig má það vera að efnahagslífið – og samfélagið – virðist ávallt þola aukna misskiptingu? Þúsundkall í vasa verkakonunnar virðist í okkar kerfi kalla á að minnsta kosti tíuþúsundkall í veski forstjórans. Bilið milli þeirra sem mest hafa og þeirra sem hafa minna fer hraðvaxandi. Hefur enginn áhyggjur af því?

Það á að meta fólk og störf þess að verðleikum. Flestir hafa beðið lengi og af mikilli þolinmæði eftir því að fá sanngjarnar kjarabætur – leiðréttingu sem skiptir máli. Þetta sjáum við á verkföllum og vinnudeilum um allt samfélagið.

Sumar tegundir starfa og menntunar eru samt metin langt umfram annað þegar kemur að launaumslaginu. Er það ekki eitthvað til að hugsa um? Hvers vegna eru tónlistarkennarar ekki metnir að verðleikum?

Mér dettur í hug gamalt dæmi frá því að ég rak þýðingarstofu í Reykjavík áður en ég byrjaði í blaðamennsku. Við vorum beðin um að „snara" mikilvægum samningi af íslensku á rússnesku. Lögfræðingur fékk 15 þúsund krónur á tímann við að útbúa samninginn. Kúnninn vildi hins vegar ekki greiða meira en 1.500 króna tímagjald fyrir þýðinguna. Var vinna þýðandans virkilega tíu sinnum minna virði en lögmannsins? Hafði óþýddur samningurinn eitthvert gildi? Þetta er undarlegt verðmætamat.

Mig langar að nefna annað dæmi. Hvernig má það vera að búðarkeðja greiði forstjóra sínum tvöföld árslaun afgreiðslukonu í einum mánuði? Hvað er afgreiðslukona annað en lykilstarfsmaður og andlit fyrirtækis?

Gleymum ekki tónlistarkennaranum. Hann er grunnstoð í gervöllu menningarlífi landsins. Hann er veginn og metinn og léttvægur fundinn. Hann fær ekki einu sinni leiðréttingu svo hann geti staðið jafnfætis öðrum úr sömu stétt. Er tónlistarnám minna virði fyrir samfélagið heldur en hefðbundið skólanám? Beinharðar tölur sýna annað.

Við getum líka litið út fyrir þetta og hugsað um önnur störf. Líka fólksins sem sinnir okkur þegar við verðum gömul eða erum veik? Þá sem útbúa matinn sem við borðum eða afgreiða okkur á búðarkassanum? Eða keyra strætó? Eru þetta ekki allt mikilvæg störf? Ekki er það að sjá þegar litið er í launaumslagið. Samt sem áður yrði lítið úr efnahagslífinu ef okkar allra nyti ekki við.

Það er eitthvað verulega bogið við samfélagssáttmála þar sem þetta er raunin.

Ingimar Karl Helgason

HAFNARFJÖRÐUR / GARÐABÆR
21. TBL. 4. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is, **Veffang:** fotspor.is, **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarlhelgason@gmail.com, **Matarblaðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími. 869-4940. Netfang. svavar@islenskurmatur.is, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 13.500 eintök. **Dreifing:** Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **13.500** EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í HAFNARFIRÐI / GARÐABÆ

Af því bara

Í aðdraganda síðustu bæjarstjórnarkosninga var mikið rætt um mikilvægi þess að bæjarstjórnin starfaði saman sem ein heild, að kraftar allra væru nýttir til fulls. Að sjálfsögðu tóku allir undir það, ekki síst fulltrúar þeirra flokka sem hafa sett lýðræðisumbætur í forgrunn sinnar grunnstefnumörkunar á undanförnum árum.

Brautryðjendastarf í Hafnarfirði

Ef litið er til síðustu 10-15 ára og þeirra starfshátta sem hafa rutt sér til rúms í bæjarstjórn Hafnarfjarðar blasa við gífurlega jákvæðar breytingar, ekki síst hvað aukið samstarf snertir og fjölþættar lýðræðisumbætur. Það má jafnvel halda því fram að ekki í nokkru öðru íslensku sveitarfélagi hafi verið lögð jafn mikil og rík áhersla á að auka lýðræðislega þátttöku og breiða aðkomu sem flestra að mótun verkefna og ákvarðana og einmitt í Hafnarfirði.

Á fjölmörgum sviðum hefur Hafnarfjörður rutt brautina og fyrir vikið orðið öðrum sveitarfélögum fyrirmynd. Hafnarfjörður varð til dæmis fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að ákveða að bæjarstjórn eigi að leggja stærri og þýðingarmeiri mál í dóm íbúanna sjálfra (2002) og tryggði síðar rétt íbúanna til að kalla eftir atkvæðagreiðslum um stærri mál (2010). Hafnarfjörður setti á stofn fyrsta ungmennaráðið hér á landi (2002), fyrsta öldungaráðið (2006) og var í fararbroddi sveitarfélaga sem settu á laggirnar notendaráð í málefnum fatlaðs fólks (2012). Önnur sveitarfélög leita líka markvisst í smiðju Hafnarfjarðar og nýta sér þá reynslu og þekkingu sem hér hefur skapast í lýðræðisumbótum og þróun þess sem er kallað þátttökulýðræði. Af því eigum við að vera stolt en umfram allt líta á það sem hvatningu til að halda áfram og gera enn betur.

Bæjarstjórnin ekki undanskilin

Lýðræðisumbætur og krafan um breiða samvinnu snýr ekki aðeins að íbúunum og þátttöku þeirra. Bæjarstjórnin þarf sömuleiðis að geta unnið saman að góðum málum og verið jákvæð fyrirmynd, gefið tóninn út í samfélagið um gildi lýðræðislegra vinnubragða.

Mikilvægur hluti lýðræðisumbóta síðustu ára hefur m.a. falist í síaukinni áherslu á samvinnu milli fulltrúa ólíkra flokka. Ólíkt því sem tíðkaðist á árum áður þykir því m.a. sjálfsagt í dag að allir flokkar eigi sinn fulltrúa við borðið við mótun stefnu í mikilvægum málum og málaflokkum. Það á ekki síst við þegar unnið er að mótun grunnstefnu í einstökum málaflokkum t.d. í fræðslu- og velferðarmálum. Ríkur og almennur skilningur hefur líka verið til staðar á mikilvægi þess að um slíka vinnu ríki sátt og reynt sé með öllum ráðum að tryggja um hana breiða samstöðu til lengri tíma, líka fram yfir þann tíma sem eitt kjörtímabil spannar.

Sömuleiðis hefur verið litið svo á að þrátt fyrir að takmarkaður fjöldi aðalfulltrúa í fastanefndum komi í einhverjum tilvikum í veg fyrir að allir flokkar eigi þar fulltrúa með atkvæðisrétt þá eigi þeir engu að síður að fá sæti við borðið, geta tilnefnt áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

Höfundur er Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Breyttir tímar

Það kann að hljóma undarlega, ekki síst í ljósi þess að umræðan um mikilvægi breiðrar samvinnu hefur líklega aldrei verið meira áberandi, að nú kveður skyndilega við annan og eldri tón í þessum málum. Nýleg ákvörðun fræðsluráðs um að skipa þriggja manna nefnd til að leggja drög að nýrri skólastefnu og útiloka þannig ein flokk af fjórum frá þeirri vinnu er dæmi um í hvaða átt er nú stefnt. Þrátt fyrir vinsamlegar ábendingar og óskir um endurskoðun þeirrar ákvörðunar er svar meirihluta Bjartar framtíðar og Sjálfstæðisflokks einfalt og afgerandi. Svona skal það vera. Samfylking og VG skulu bara sætta sig við að þurfa að koma sér saman um hvor flokkurinn fái að taka þátt í mótun skólastefnu fyrir sveitarfélagið Hafnarfjörð. Beiðni Vinstri hreyfingarinnar grænsframboðs um að fá að tilnefna áheyrnarfulltrúa í þær tvær fastanefndir sem skipaðar eru aðeins þremur aðalfulltrúum, þ. e. menningar- og ferðamálanefnd og íþrótta- og tómstundanefnd, fær sömu meðferð. Tillaga þess efnis var einfaldlega felld af fulltrúum nýs meirihluta. Þegar spurt er hvers vegna er svarið lítið annað en „af því bara".

VÖRU-GJÖLD AFNUMIN

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

0% VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði*

***17% afsláttur** af öllum **AEG** ofnum og helluborðum vegna væntanlegrar vörugjaldsniðurfellingar*

STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ AEG SEM GERA GOTT ELDHÚS BETRA

Ódýrir standardofnar, fjölkerfaofnar, ofnar með hraðhitakerfi og kjötmæli, ofnar með gufu og sjálfhreinsibúnaði. Nýtanlegt innra rými AEG ofnanna er 30% stærra en í hefðbundnum bökunarofnum. Allir ofnar eru 74 lítra.

BE2000001-M

2 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni.
Litur: Stál

BE3002401-M

3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli.
Litir: Stál og hvítur

BE5304401-M

5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi innbyggðum kjöthitamæli. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði.
Litir: Stál, hvítur og svartur

BS8314401-M

8LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjötmæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Einnig fáanlegur sem gufuofn.
Litur: Stál

AÐ ELDA OG BAKA MEÐ AEG.

Þegar þú eldar með **AEG** máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.Ný glæsileg lína helluborða frá **AEG** býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas, þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is · OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR · BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

Íslendingar geta fylgt fordæmi Namibíu

„Mig langaði til að koma því til skila heim til Íslands sem ég upplifði og reyndi í Afríku“ segir Stefán Jón Hafstein sem hefur fyrir eign reikning gefið út bókina Afríka – Ást við aðra sýn. Sagt er frá ólíkum kynþáttum í jaðarbyggðum, lífsbaráttunni lýst þar sem fólk þarf að gera sér mikið úr litlu og ofinn þráður úr ýmsum áttum með myndum og texta sem saman varpa ljósi á töfra Afríku, hve óvægin hún er og viðnámsþróttur fólksins mikill. Á milli kafla er skotið dagbókarbrotum höfundar sem færa lesanda enn nær vettvangi, segir í kynningu. „Þetta er bók um fólk, fyrir fólk,“ segir Stefán Jón. „Ég vona bara að þegar þetta raðast allt saman fái fólk gleggri sýn á álfuna heitu, lífskjör og náttúru og mannlíf í miklum fjölbreytileika.“



Bæjarblaðið Hafnarfjörður/Garðabær birtir hér stuttan kafla úr bókinni sem ber yfirskriftina *Vernd* og er sá fyrsti í bókarhluta um náttúrugersemar í álfunni stóru:

„Framsýni sannar sig þegar maður lítur um öxl. Eins og óafturkræf mistök fylla mann sorg og reiði leyfir maður sér að blessa þá sem eitt sinn sáu lengra en sumum okkar er fært enn þann dag í dag. Fyrir rúmri öld var friðhelgi slegið á einhverjar fegurstu villidýralendur Afríku. Þar sem nú heitir Etosha í Namibíu og „náttúran nýtur vafans“ hvern einasta dag, þar sem villt dýr eiga réttinn og maðurinn er bara gestur sem fær að láta lítið fyrir sér fara.

Hvað mun baksýnisspeglinn segja mönnum eftir önnur hundrað ár þegar þeir meta framsýni okkar tíma? Prúðar antilópur og voldugar fílahjarðir enn á sínum stað eins og um aldir alda? Og hér heima á Íslandi? Munu menn hafa fetað sömu slóð og mörkuð var í Etosha á sínum tíma?

Auðvitað þurfti djöfulskap og böðulskap áður en friði var lýst með dýrum.

Fyrstu hvítu mennirnir komu til Etosha um það leyti sem þjóðfundurinn var haldinn í Lærða skólanum í Reykjavík 1851. Þjóðverjar voru að brjóta undir sig nýlenduna sem síðar varð Namibía. . .

Þessi paradís varð fljótlega að blóðvöllum þegar byssuvæddir innflytjendur hófu grimmilega slátrun sem á örfáum árum ógnaði tilveru dýrastofna sem áttu rætur að rekja til upphafs lífs á jörðu, óáreittir og spakir. Einn hvítu aðkomumannanna keypti víðar lendur þar sem nú er hjarta Etosha garðsins fyrir saltkjöt af einu hrossi, tunnu af koníaki og 25 riffla. Þeirra viðskipta naut héraðshöfðingi heimamanna. Þegar aðkomumenn hófu nautgriparækt þótti nauðsynlegt að fella öll villt dýr og útrýma til að verjast gin- og klaufaveiki sem þau voru talin bera á milli búgarða. 1907 tók framsýni við. Landstjóri Þýsku Suð-vestur Afríku, Dr Friedrich von Lindquist friðlýsti verndarsvæði á stærð við Ísland. Eitthvað var það við fegurð merkurinnar sem hreyfði svo mjög við tilfinningalífi þeirra sem réðu för að jafnvel ábatastöm niðursuðuverksmiðja á sebrahestakjöti varð að víkja þegar fram liðu stundir. Einhver hefur eftir munnmælum að þeir hafi ráðið ráðum sínum og sagt: Þetta er of fagurt til að það glatist. . .

Villidýralendurnar í Etosha eru eins ólíkar Íslandi og hægt er að hugsa sér. Þessi ótrúlegi grúi dýra og ógnarlegu andstæður. Ekki andstæður elda og ísa, heldur þurrka og vætu. Um þurrkatímann fer hitinn langt upp í fjörutíu gráður. Stóra saltsléttan sem einkennir landið þornar upp og verður eins og bakarofn. Ekki stingandi strá. Dýrin þjappast saman kringum vatnsbólin sem halda þeim á lífi. Þegar svo hrannast upp skýjabólstrar og þéttast og dökkna yfir hvítri sléttunni kemur lemjandi regn. Eins og hendi sé veifað verður allt grænt. Runnar, tré og graslendi blómgast, fuglar syngja og endur svamla glaðhlakkalegar á flæðiengjum innan um flamengóa og storka. Allt er syngjandi svalt og ungviðið kemur í heiminn til að spretta eins hratt og hægt er upp úr kafgresinu, í leyni fyrir rándýrum.

Eins ólíkt Íslandi og hægt er - í fleiri en einum skilningi. Hugsum um hálendið okkar sem er jafn víðáttumikið og þetta verndarsvæði. Í stað þess að fylgja fordæmi Namibíu er draslaramenning á hálendinu. Engin heildarstefna í gildi. Þingvellir komast á heimsminjaskrá UNESCO og við leggjum hraðbraut í gegn.

Ethosa er vandlega afmarkað og girt, þangað fer enginn inn nema um ákveðnar leiðir gegnum mönnuð hlið. Ökutæki og fjöldi farþega er skráður. Hvergi má gista nema á mörkuðum svæðum sem tekin eru frá, þar bjóðast góð hótelherbergi með þægindum og þjónustu sem og tjaldstæði fyrir þá sem kjósa einfaldan kost.

Engir sjoppuskálar, að hruni komnir bensínskúrar eða ruslgámar á víð og dreif. Allir verða að vera í náttstað fyrir sólsetur. Umferð er bundin við valda slóða, sums staðar bönnuð. Merkingar eru látlausar og falla vel að umhverfi, allir fá vandað kort sem sýnir það helsta og hvar má fara. Fólk fer bara úr bifreið á afmörkuðum hvíldarsvæðum og útsýnisstöðum. Ströng viðurlög gilda ef reglur eru brotnar. Hófleg gjöld standa undir hluta kostnaðar.

Það veit sá sem víða hefur ratað að villidýralendur um sunnanverða Afríku eru óviðjafnanlegar. Upplifunin af því að ferðast innan um dýrin í náttúrulegu umhverfi er ekki himnesk heldur jarðnesk eins og best getur orðið.

Hér opinberast að heimurinn er fagur.

Að koma út í dagrenningu og sjá rándýrin læðast í skjól. Sjá blettatígra við termítahrauk og hitta villihundahjörð við moldarslóða. Reka augu í ljónahjörð undir tré, pakksödd á meltunni. Gapandi augntóftir af vísundi á afnöguðum haus.

Tugir fíla þramma hljóðlaust gegnum skógarrjóður, 70 tonn þeir stærstu og yngstu kálfarnir vel varðir milli fóta sem eru gildir eins og trjábolir. Sjá litríka spörfugla á blómguðum greinum, perluhænur á vappi og hegra í tjörn. Mörg hundruð stökkhafra innan um lágvaxna runna og kliðmjúkur ómur fyllir loftið þegar þeir bíta laufin.

Það veit sá sem víða hefur ratað að hér verður mannskepnan agndofa. Og trúleg þau orð Davids Attenboroughs að hvergi í heiminum setji Móðir náttúra á svið jafn stórbrotna sýningu og í Afríku.

Manneskja sem skynjar svona fegurð getur aldrei orðið annað en betri manneskja. Þá lifir maður fágætt augnablik og óskar þess heitt og innilega – ómeðvitað og ósjálfrátt - að allir menn fái einhvern tíman að lifa slíka stund.

Svona er Afríka.“

CABAS tjónaskoðun
BÍLASPÍTALINN
Bílaspítalinn – Kaplahrauni 1 – Hafnarfirði
Sími 565 4332 – bsp@bsp.is

Tjónaviðgerðir fyrir öll tryggingafélögin

TÍMAREIMAR – BREMSUR – BILANAGREINING - OLÍUSKIPTI
ÁSAMT ÖLLUM ALMENNUM BÍLAVIÐGERÐUM

EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Göngu- og hlaupagreiningar

Reynslumikið starfsfólk sem hefur tekið yfir 50.000 íslendingar í göngu- og hlaupagreiningu. Fullkominn greiningarbúnaður og alltaf það nýjasta í innleggjum, skóm og fylgihlutum. Samstarf við íþróttahreyfinguna og fagaðila í heilbrigðisstétt.

Göngu- og hlaupagreining er fyrir alla sem eru með verki í stoðkerfinu, fyrir þá sem eru að byrja að hreyfa sig og ekki síst þá sem eru að vinna á fótunum. Það er t.d. engin tilviljun að við fáum til okkar mikið af heilbrigðisstarfsfólki, kennurum, hárgreiðslufólki, verslunarfólki, sjómönnum, iðnaðarmönnum og bændum svo fátt eitt sé nefnt. Þetta fólk á það sameiginlegt að vinna á fótunum.

Brooks hlaupaskór

Þú kemur til okkar og færð að vita hvort þú þarft hlutlausa skó eða styrkta að innanverðu. Við erum með Brooks skó í breiddum og tökum Brooks kvennskó upp í númer 44 og Brooks herraskó upp í númer 50.

Ef þú ert að vinna á fótunum á hörðu gólfi eru öflugir hlaupaskór bestu skór sem þú getur verið í (já við teljum alla aðra skó með). Erum líka að selja Ecco sandala sem eru frábærir en ná aldrei hlaupaskónum í höggdempun og stuðningi. Komdu og við hjálpum þér í gegnum þetta.

Skórnir eru undirstaða og skipta alltaf verulegu máli.

Feetures sokkar

Þrýstisokkar í hæsta gæðaflokki.

Mest seldu hlaupasokkar í hlaupaverslunum í USA.

Sokkarnir frá Feetures hafa tæknilega yfirburði yfir flesta sokka á markaðinum. Þrýstingur á réttum stöðum eykur blóðflæði, minnkar þreytu og flýtir fyrir endurheimt. Við sokkaframleiðsluna er notuð nýjasta tækni og einungis hátækni garn. Eins og skórnir eru sokkarnir undirstaða og skipta verulegu máli við mikið álag.

Swedish Posture

Posture vörurnar eru sérhannaðar til að bæta líkamsstöðuna þína, eykur súrefnisupptöku, styður við og virkjar djúpu bakvöðvana, teygir á brjóstvöðvunum, dregur úr höfuðverkjum vegna vöðvabólgu og gefur þér jákvæða orku.

Ef þú situr eins og rækja fyrir framan tölvuna er þetta varan fyrir þig.

Eins og fætur toga - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími 55 77 100

Víða stuðningur við tónlistarskólakennara í verkfalli:

„Ekkert annað en ferlega hallærislegt“

„Ég lýsi frati á það skilningsleysi sem virðist ríkja gagnvart tónlistarkennurum; þeirri stétt sem hlúði að okkar frábæra tónlistarfólki í æsku og á unglingsárum. Það er ekkert annað en ferlega hallærislegt að koma svona fram og ég mun minnast þessarar framkomu þegar kosið verður í næstu sveitastjórnarkosningum. Ég vona að fleiri séu sömu skoðunar,“ segir Jón Ólafsson, tónlistarmaður um verkfall tónlistarkennara.

Á þriðja hundrað kennara

Tónlistarkennarar í Félagi tónlistarkennara hafa nú verið í verkfalli í rúmar þrjár vikur og ekki sést enn til lands í samningarviðræðum þeirra við Samband sveitarfélaga. Í Hafnarfirði eru 23 tónlistarkennarar í verkfalli, og vel á annan tug í Garðabæ. Á annað þúsund nemenda stundar tónlistarnám í bæjunum tveimur. Í heildina eru samt sem áður hundruð tónlistarkennara í verkfalli á höfuðborgarsvæðinu.

Bestu sendiherrarnir

Jón Ólafsson bendir á að ímyndi Íslands hafi beðið hnekki síðustu árin og vísar þar til afleits viðskiptasiðferðis og græðgi. „Ljósið í myrkrinu er tónlistin. Gróskan í íslensku tónlistarlífi er með eindæmum og það eru tónlistarmennirnir okkar sem hafa verið duglegastir við að lappa upp á ásýnd Íslands. Þeir eru okkar bestu sendiherrar. Hingað flykkjast útlendingarnir og fylla tónleikasali og önnur hús; lofsyngja músíkina, kaupa sér mat og drykk, lopapeysur og lunda og fleira. Þvílík efnahagsleg innspýting!“ segir Jón Ólafsson, tónlistarmaður.

Landkynning og gjaldeyrir

Fleiri taka í svipaðan streng. Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves hátíðarinnar sem haldin var um síðustu helgi er ómyrkur í máli: „Við Íslendingar hömpum listamönnum ekki síst tónlistarmönnum fyrir árangur þeirra á erlendri grundu. Við tökum glöð við gjöfunum sem þeir færa okkur í formi þroska, gleði, ferðamanna, landkynningar og gjaldeyris. En okkur virðist svona upp til hópa slétt sama um hvort þeir hafi til hnífs eða skeiðar eða hvort aðbúnaður þeim til handa sé boðlegur,“ segir Grímur Atlason og beinir tali sínu að stjórnmálamönnum: Ónefndir bæjarstjórar og þingmenn fá jafnvel plús í kladdann hjá sumum fyrir að vilja afleggja listamannalaun og helst að leggja niður t.d. sinfóníuna. Þeir fá alveg sérstakt lof í sínum kreðsum þegar þeir hnýta aftan við ræður sínar: „Hvort viltu 14 fiðluleikara á launum eða bjarga

„Ljósið í myrkrinu er tónlistin,“ segir Jón Ólafsson.

Arna K. Einarsdóttir, framkvæmdastjóri SInfónlíuhljómsveitarinnar.

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves.

2 mannslífum? “” Þetta segir Grímur að sé algjörlega galið, en sé því miður veruleiki samfélagsumræðunnar.

Laun tónlistarkennara óboðleg

„Tónlistarkennarar eru í verkfalli. Laun þeirra eru ekki boðleg en samfélagið, sem þiggur gjafirnar, er ekki mikið að velta því fyrir sér. Hefur ekki áhrif á flugið þeirra í verslunarferðina til London eða biðlistann á slysó. En til framtíðar getur þetta þýtt fábreytt samfélag og gleðisnautt. Við getum ekki alltaf bara staðið upp fyrir stéttirnar hvers verkföll snerta okkur hér og nú. Það er mikilvægt að halda úti öflugu tónlistarskólastarfi. Það skilar okkur menningu og betri búsetuskilyrðum. Það skilar okkur líka alveg helling af peningum sem því miður virðist vera það eina sem vekur áhuga fjöldans. En við skulum fyrst og fremst hafa þetta í huga: Sjálfsmynd samfélaga koðnar niður þegar menningin hverfur,“ segir Grímur.

Tónlistarkennarar hafa fjölmennt á fund bæjarstjórna á höfuðborgarsvæðinu. Stór hópur sat bæjarstjórnarfund í Hafnarfirði í vikunni en þeir fóru einnig í Kópavog þar sem þessi mynd var tekin.

Klukkan tifar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á miðvikudag bókun sem fræðsluráð bæjarsins hafði áður samþykkt þar sem lýst er áhyggjum af stöðu kjarasamningsviðræðna við tónlistarkennara og áhrifum þess á tónlistarnám í bæjarfélaginu. „Tekið er undir mikilvægi þess að tónlistarkennarar njóti kjara í samræmi við menntun þeirra og hliðstæðar starfsstéttir. Áhersla sé lögð á að í samningum við tónlistarkennara verði leitast við að mismunandi sérstaða, þarfir og kennsluhættir tónlistarnáms sveitarfélaganna fái notið sín.“

Sú spurning vaknar hvers vegna ekki er hægt að semja, ef stór sveitarfélög eða fyrirsvarsmenn þeirra kalla eftir samningum, en það eru jú sveitarfélögin sem mynda Samband sveitarfélaganna.

„Þú veltir fyrir þér hvernig það megi vera, að þegar svo mörg sveitarfélög og/eða stofnanir og kjörnir fulltrúar þeirra taka heilshugar undir okkar sanngjörnu kröfur um launaleiðréttingu og að það sé eðlileg og réttmæt krafa að við séum á sömu launum og aðrir kennarar, eins og við vorum fyrir efnahagshrunið, hvers vegna svo illa gangi að semja,“ segir Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara í skriflegu svari við fyrirspurn blaðsins.

Sigrún Grendal.

„Við veltum þessari spurningu líka fyrir okkur og þegar það eru meira en ellefu mánuðir síðan viðræðuáætlun var undirrituð milli aðila þá getum við ekki annað en túlkað það sem svo að þeir sem semja við okkur hafi ekki umboð til að semja við okkur á sömu nótum og aðra kennara, að nú eigi að undanskilja okkur meginsamningsmarkmiði Sambands íslenskra sveitarfélaga um jafnrétti í launasetningu, bætir hún við.

Það undirstriki þetta að á öllum þessum tíma, síðast á mánudag, hafi tónlistarkennurum verið „stillt upp andspænis kröfum sem við getum ekki orðið við og öllum okkar hugmyndum hefur verið ýtt út af borðinu. Ef samningsborðið væri taflborð þá er viðhöfð ákveðin þráskák og slíkt myndu skákmenn varla leyfa sér í tafli ef notuð væri klukka. Við erum hins vegar í verkfalli og því getur það þjónað öðrum markmiðum sveitarfélaga að stilla okkur aftur og aftur upp með þeim kröfum sem þeir vita að við getum ekki orðið við, meðan klukkan tifar.“

Inga Rún Ólafsdóttir.

Ekki náðist í Ingu Rún Ólafsdóttur, sviðsstjóra kjarasviðs Sambands sveitarfélaga, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Mikil efnahagsleg áhrif

Ágúst Einarsson, prófessor og hagfræðingur, vann ítarlega skýrslu um hagræn áhrif tónlistar á íslenskt samfélag fyrir fáum misserum. Hann hefur bent á að tónlist velti milljörðum króna á ári hverju og veiti þúsundum vinnu. Menningin sé drjúgur hluti af landsframleiðslunni, um 4 prósent af heildinni. Tónlistin skipti þar miklu máli. Menningin vegi meira í landsframleiðslunni en öll veitustarfsemi og „þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísiljárnframleiðsla hins vegar“.

Besta gjöfin

„Tónlistarnám er einhver besta gjöf sem hægt er að gefa barni og ætti að vera aðgengileg öllum grunnskólabörnum. Það er deginum ljósara að tónlistarlífið í dag byggir á þeim grunni sem tónlistarkennarar hafa lagt í gegnum tíðina.“ sagði Arna K. Einarsdóttir í viðtali við Reykjavík vikublað á dögunum, þegar hún var spurð um verkfall tónlistarkennar og hvort starf þeirra væri vanmetið. Hún benti- á að í samspili læri nemendur að hlusta á hvern annan og vinna að sameiginlegu markmiði. Segir hún að hægt sé að nota tónlistarnám til að umbylta samfélögum líkt og í Venesúela þar sem gerð var tónlistarkennslubylting fyrir um 40 árum sem borið hefur af sér fjölda framúrskarandi ungsveita og fætt af sér stórstjörnur í hinum klassíska heimi og þannig gjörbreytt ímynd landsins. Stundum er talað um að það vanti samhljóm í íslenskt samfélag eftir hrunið og að mati Örnu væri það stórkostlegt ef hægt væri að kenna öllum börnum að spila saman í hljómsveit. „Ég er sannfærð um að það myndi færa þjóðinni meiri samvinnu, bæta hlustun, auka aga og tillitsemi og ýta undir betri samhljóm í samfélaginu. Fyrst Venesúela gat gert þetta ættum við að geta þetta líka. Þetta er auðvitað bara spurning um ákveðna hugmyndafræði og forgangsröðun.“

Einar Ágústsson.

„Tónlist og tónlistarnám hefur margvísleg jákvæð áhrif. Þannig hafa áhrif tónlistarnáms á ýmsa þætti hjá ungmennum, eins og einkunnir, reykingar, áfengisneyslu og hassneyslu, verið rannsökuð. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að þeir sem stunda tónlistarnám reykja miklu síður en aðrir […] Grunnskólanemar sem stunda tónlistarnám reykja 60% minna en aðrir […] Ungmenni sem stunda tónlistarnám drekka 40% minna en önnur ungmenni.“

- Einar Ágústsson,
Hagræn áhrif tónlistar,
Háskólinn á Bifröst, 2012, bls. 73

Glæsilegar gjafakörfur færðu hjá okkur

Tilvalið handa sælkeranum

Við erum byrjuð að taka á móti pöntunum

fyrir jólin í síma 5622772

Delicatessen

OSTABÚÐIN

SKÓLAVÖRÐUSTÍG

Ostabúðin Delicatessen - Skólavörðustíg 8 - Sími. 562 - 2772 - ostabudin@ostabudin.is

Opnunartími - Mánudaga - Föstudaga 11 - 18 - Laugardaga 11 - 16

Iðkendum í yngri flokkum Hauka í körfunni hefur fækkað. Skorað er á bæjaryfirvöld að gera betur við íþróttafélögin:

„Sameiginlegt verkefni sem allir mættu standa sig betur í“

„Það er því miður stundum fámennt á foreldrafundum, það er eitthvað sem allir foreldrar sem eiga börn í íþróttum þurfa að hugsa um,“ segir Ívar Ásgrímsson, íþróttastjóri Hauka í viðtali við Bæjarblaðið Hafnarfjörð/Garðabæ. Hann fer víða yfir sviðið, en ræðir helst um körfuknattleiksdeild félagsins og starf yngri flokkanna, en þar hefur iðkendum fækkað, auk aðstöðumála félagsins, sem hann telur að megi bæta verulega. „Sem dæmi um þetta þá æfa meistaraflokkar félagsins aldrei á keppnisvellinum, hvorki handboltinn né körfunni.“

Ívar segir aðspurður að nokkuð vel hafi gengið hjá körfuknattleiksdeildinni. Stöðug uppbygging hafi verið á undanförnum árum. „Tekin var sú ákvörðun eftir að meistaraflokkur karla féll niður um deild árið 2009 að byggja upp og notast við uppalda drengi. Sú stefna hefur verið að skila sér og nú er meistaraflokkur karla nánast eingöngu byggður upp af strákum sem ólust upp innan félagsins. Meistaraflokkur kvenna er að sama skapi skipaður ungum stúlkum sem aldar eru upp innan félagsins. Fyrir þetta tímabil hurfu 5 leikmenn á braut, erlendis og annað, sem allar voru í 26 manna hóp A landsliðs Íslands en samt var tekin sú ákvörðun að spila á mjög ungu liði sem var til staðar. Bæði lið eru á toppnum í dag eftir fjórar umferðir.“

Ívar segir einnig að yngri fokkarnir hafi staðið sig vel. Tveir til þrír Íslandsmeistaratitlar og 1-2 bikarmeistaratitlar hafi skilað sér í hús síðustu misserin. Auk þess hafi leikmenn sýnt takta sem tekið hafi verið eftir. „Deildin átti á síðasta ári 8 leikmenn sem spiluðu með yngri flokka landsliðum í lokamóti og um 15 leikmenn sem voru valdir í æfingahóp.“

Fækkun í yngri flokkunum

En það er að fleiru að hyggja, því iðkendum í yngri flokkunum hefur fækkað nokkuð frá síðasta tímabili að sögn Ívars. „Núna eru tæplega 200 iðkendur í körfuknattleiksdeild Hauka. Við erum núna að vinna markvist að fjölgun í barna og unglinga starfinu. Sumir flokkar eru allt of fámennir og við verðum að ná fjölgun þar, bæði til að gera æfingar skemmtilegri og til að krakkarnir ná betri árangri. Nú er byrjendahópur í körfunni, 6-7 ára, um 40 krakkar á æfingum en þar hefur verið unnið markvisst í því að ná inn fleiri iðkendum. Núna er lögð áhersla á fjölga iðkendum 8-11 ára.“

Eina atvinnukonan í körfunni

Ívar segir að ávallt hafi verið lögð jafn mikil áhersla á meistarflokk kvenna, til jafns við karlaflokkinn. „Við í Körfuknattleiksdeild Hauka erum stolt af því sem við höfum gert fyrir bæði kynin. Alltaf hefur verið lögð mikil áhersla á meistaraflokk kvenna, til jafns á við karlana. Við erum einstaklega stolt af því að eiga eina atvinnumanninn í kvennakörfunni, hana Helenu Sverrisdóttur. Við reynum alltaf að hafa allt jafnt fyrir bæði kynin, bæði fyrir meistaraflokka og yngri flokka. Nú hallar aðeins á stelpurnar í fjölda og má segja að skiptingin sé u.þ.b. 60% hjá strákum á móti 40% hjá stelpum. Þetta er kannski í samræmi við aðrar íþróttir og jafnvel ívið betra. Það er því miður mun erfiðara og mun meiri vinna að halda stúlkunum í íþróttinni og minnka brottfall hjá þeim heldur en drengjum. Það er líka erfiðara að fá þær til að mæta á æfingar,“ fullyrðir Ívar.

„Þarna skiptir miklu máli að iðkendum finnist gaman að mæta á æfingar og að það séu verkefni fyrir alla sem eru að æfa og að hver iðkandi fái að spila og taka fullan þátt í öllu starfinu.“

Ívar Ásgrímsson stendur á hliðarlínunni. Hann gagnrýnir bæjaryfirvöld og vill að meira verði gert fyrir íþróttafélögin.

Meiri kraft þarf í foreldrastarfið

Foreldrastarfið er gott að mati Ívars. En það mætti samt sem áður vera betra. „Þarna kemur til að bæði Körfuknattleiksdeildin þarf að gera betur í að virkja foreldra og svo auðvitað að foreldrar stígi fram og bjóðist til að starfa fyrir deildina og sín börn. Þetta er sameiginlegt verkefni sem allir mættu standa sig betur í. Hver flokkur á að hafa foreldrastjórn sem sér um flokkinn að mestu leyti, þ. e. að sjá um æfingaferðir, leiki og þessi stóru mót sem farið er á. Það er því miður stundum fámennt á foreldrafundum, það er eitthvað sem allir foreldrar sem eiga börn í íþróttum þurfa að hugsa um.“

Ýmsir mælikvarðar á árangur

Árangur Haukanna í yngri flokkunum hefur verið góður í körfunni hjá Haukunum. Ívar gat um titla hér að framan, en segir að það séu ýmsir fleiri mælikvarðar á árangur. „Hjá eldri iðkendum er árangur mældur að miklu leyti með árangri, þ. e. sigurleikjum, titlum og svo hve margir komast í landsliðsverkefni. Í yngstu aldurshópunum er ekki verið að mæla út frá sigrum eða einstaklingsverkefnum. Þarna skiptir miklu máli að iðkendum finnist gaman að mæta á æfingar og að það séu verkefni fyrir alla sem eru að æfa og að hver iðkandi fái að spila og taka fullan þátt í öllu starfinu.“

Aðstöðuvandræði

„Við í Haukum erum í miklum vandræðum með aðstöðuna,“ segir Ívar, spurður um þau mál. „Haukar eru eitt stærsta, ef ekki stærsta, íþróttafélag á landinu ef mælt er útfrá vetraríþróttum. Við erum með 4 meistaraflokka,“ segir Ívar og vísar til karla og kvennaflokka í bæði handbolta og körfu sem allir leika í efstu deild, og sem tóku þátt í úrslitakeppni á síðasta ári.

Gengur ekki til lengdar

„Bæði handknattleiksdeildin og körfuknattleiksdeildin eru stærstu deildir landsins ef mælt er útfrá árangri og fjölda. Sem dæmi um þetta þá æfa meistaraflokkar félagsins aldrei á keppnisvellinum, hvorki handboltinn né körfunni. Það eru um 3 meistaraflokksleikir að meðaltali á viku í húsinu og þá þarf að notast við báða salina og þá falla æfingar niður í þrjá klukkutíma. Það geta allir séð að það getur ekki gengið upp til lengdar,“ segir Ívar.

Hann tekur dæmi af því þegar meistaraflokkur karla átti sinn fyrsta leik gegn Njarðvík í úrslitakeppninni í fyrra. „Þá áttu þeir ekki æfingu í húsinu þrjá daga fyrir leik. Nú erum við búnir að vera að berjast fyrir því í nokkurn tíma að byggt verði annað íþróttahús hér á svæðinu og erum við búnir að láta teikna það hús og gera kostnaðaráætlun sem er mjög hagkvæm fyrir alla aðila. Samstaða er innan íþróttahreyfingarinnar hér í Hafnarfirði um að þessi framkvæmd eigi að vera í forgangi og hefur ÍBH [Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, samstarfsvettvangur íþróttafélaganna í bænum] gefið það út og bent á þörf fyrir annað löglegt íþróttahús hér í Hafnarfirði. Því miður hafa stjórnmálamenn dregið það að taka

ákvörðun um þetta en það er samt von okkar að þetta hús verði að veruleika núna fljótlega.“

Gagnrýnir bæjaryfirvöld fyrir „framtaksleysi“

Ívar heldur áfram og fullyrðir að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafi dregið lappirnar undanfarin ár, með tilliti til íþrótta.

„Oft hefur verið talað um íþróttabæinn Hafnarfjörð og er það réttmætt viðurnefni og því eigum við erfitt með að skilja það framtaksleysi sem bæjaryfirvöld sýna íþróttum. Hafnarfjörður á eitt besta fótboltalið landsins, FH, tvö af bestu handboltafélögum landsins, Haukar og FH, eina bestu körfuknattleiksdeild landsins, Haukar, Keilir er landsmeistari í golfi bæði hjá konum og körlum, SH hefur verið eitt besta sundlið landsins og Björk hefur verið í fremstu röð í mörg ár í fimleikum. Svona væri hægt að telja áfram en læt þetta gott heita,“ segir Ívar Ásgrímsson.

Hann leggur áherslu á að það þurfi nýtt löglegt íþróttahús í bæinn og bætir því við að Haukar eigi ekki knattspyrnuhús auk þess sem víða vanti æfingasvæði.

„Bæjaryfirvöld þurfa að átta sig á því að íþróttir eru líka ein besta forvörn fyrir unga krakka og því er mjög mikilvægt að bæjaryfirvöld styðji við íþróttafélögin meira en nú er gert.“

Brýnt að bæta samgöngur

„Iðkendur koma alls staðar að úr bænum,“ segir Ívar Ásgrímsson, spurður um iðkendur í yngri flokkum í körfunni. „Körfuknattleiksdeildin er sú deild innan Hauka sem hefur þá sérstöðu að félagar okkar úr FH eru ekki með körfubolta og því koma krakkar úr öllum hverfum Hafnarfjarðar. Sama geta örugglega FHingar sagt um krakka sem stunda frjálsar.“

Hann segir að í þessu ljósi megi bæta almenningssamgöngur í bænum. „Því miður eru samgöngur ekki góðar og eftir að frístundabíllinn lagðist af er þetta mikið vandamál fyrir iðkendur sem þurfa að komast t.d. úr Norðurbænum og á Ásvelli og öðrum hverfum þar sem fjarlægðir eru nokkrar. Við erum langt á eftir nágrannabæjarfélögum eins og Reykjavík og Kópavogi. Bæjaryfirvöld þurfa að fara að koma þessum málum í lag og við eigum ekki að sætta okkur við það að vera langt á eftir öðrum bæjarfélögum er kemur að íþróttum.“

Iðkendur eru margir, af báðum kynjum og á ýmsum aldri eins og myndirnar bera með sér.

TYR



TYR sundföt á konur, karla og börn
úr **DURAFAST** efninu sem er
sérlega klórþolið og lithelt.

Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
www.aquasport.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

.IS
skráðu þitt .is lén
www.isnic.is
ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is

MATARSÍÐA SVAVARS svavar@islenskurmatur.is

Bragðaörkin

Svavar Halldórsson

Undanfarna áratugi hefur Slow Food hreyfingunni vaxið fiskur um hrygg, en hún varð til um miðjan níunda áratugin. Hún rakin er til Ítalans Carlosar Petrini. Slow food hreyfingin snýst um að skapa mótvægi við skyndibita (Fast food) og alþjóðlegar matarkeðjur með því að nýta hollan og góðan mat úr nágrenni í stað þess að sækja hann um langan veg. Hreyfingin vinnur að varðveislu staðbundinnar matarmenningar og hvetur til landbúnaðar og ræktunnar til notkunnar á heimaslóðum. Meira en hundrað þúsund manns eru formlegir meðlimir í Slow Food hreyfingunni víða um lönd, en áhrifin ná langt út fyrir raðir félagsmanna og eru til að mynda greinileg í því sem kallað er Nýja norræna eldhúsið (Ny Nordisk mad).

Alþjóðlegar hreyfingar eins og Slow food eru sem himnasending fyrir okkur Íslendinga. Mjög margt af því sem við gerum hefur skírskotun í þessa veru. Hvort sem um er að ræða nauta- eða lambakjöt, fisk, grænmeti eða aðra matvöru, þá vinnum við hlutina mjög í sátt við náttúru og umhverfi. Auðvitað er alltaf eitthvað sem fer miður og lengi má gott bæta . . . en grundvallaratriðið er einmitt að þetta er gott hjá okkur. Samkvæmt heimasíðu íslensku Slow Food samtakanna hafa þau verið starfrækt frá árinu 2001. Þetta eru sjálfboðaliðasamtök en innan þeirra eru starfandi alls kyns hópar sem einbeita sér að einstökum verkefnum; s.s. erfðabreyttum mat, stofnun og þróun bændamarkaða og svo er til vinnuhópur matreiðslumanna um bragðmenntun almennings.

900 afurðir

Eitt það merkilegast sem Slow food hreyfingin hefur gert er svokölluð bragðörk (e. Ark of taste). Þessu merkilega verkefni var hrundið af stað árið 1996. Í bragðörkinni eru skráðar um 900 afurðir eða annað sem þessi virði er að varðveita sérstaklega. Ástæðurnar eru auðvitað margvíslegar en í grunninn er það auðvitað þannig að iðnvæðing, umhverfisspjöll og stöðun framleiðslu þrengja mjög að hefðbundinni framleiðslu, vörum og jafnvel dýrastofnum. Slow food hreyfingin vill hjálpa til þess að þetta fái aftur gildi í hugum almennings eða öðlist með öðrum orðum nýtt líf. Þetta hefur tekist ágætlega, a.m.k. á suma mælikvarða og sums staðar.

Harðfiskur og hangikjöt

Eitt af því sem tilvist Bragðarkarinnar hefur gert er að vekja fólk til umhugsunar. Þetta fer saman við aukna umhverfisvitund í heiminum og því vex Slow food hreyfingunni fiskur um hrygg. Sem kemur okkur Íslendingum vel. Á þessum lista – Bragðörkinni – eru t.d. fínustu ostar og pylsur Ítala og Frakka og allt hitt sem þykir best og merkilegast í heimi matarins. En þarna inni er líka hjallaþurrkaður harðfiskur frá Flateyri, hefðbundið íslenskt skyr, kæstur hákarl, sjávarsalt, íslenskt hangikjöt og fáeinar aðrar íslenskar matvörur - og svo íslenska geitin. Samtals níu íslenskar skráningar.

Góður árangur

Níu skráningar hjá þjóð sem ekki nær að telja þriðjung úr milljón er býsna góður árangur. Hvort sem þetta ber að þakka góðu starfi íslensku Slow food samtakanna, eða því að íslenskur matur sé svona merkilegur, þá er þetta umtalsverður árangur. Líklega eru skráningarnar níu nú tilkomnar vegna blöndu þessa og einhverra annara þátta. Hvernig sem það er, þá er þetta magnaður árangur. Þótt frændur okkar Norðmenn séu með tíu skráningar þá geta Svíar og Finnar ekki montað sig nema af sex skráningum hvor þjóð og Danir aðeins af þremur. Í samanburðinum stöndum við okkur því vel . . . svo ekki sé nú talað um þær himinskauta-árangursmælinga-æfingar sem höfðatölusamanburður býður upp á.

Fast Slow Food er nýtt hugtak í matarmenningu. Það snýst um að taka grunnhugmyndina að Slow Food og yfirfæra hana yfir á skyndibitann sem hún upphaflega snerist gegn. Hollur og hreinn matur úr héraði er þannig nýttur til að framleiða skyndibitan í sátt við náttúru og nærsamfélag. Þar er til dæmis um að ræða hamborgara úr úrvals nautakjöti sem ræktað er á svæðinu. Það er nefninlega ekki þannig að Slow food snúist um mat sem tekur langa tíma að elda.



MÖGNUÐ SPENNUSAGA!

Lögreglumaður á Siglufirði er skotinn með haglabyssu af stuttu færi um miðja nótt. Ung kona flýr þangað norður undan ofbeldisfullum sambýlismanni. Og sjúklingur er lagður inn á geðdeild í Reykjavík gegn vilja sínum. Þessir þræðir fléttast saman í magnaða spennusögu!

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVIK

Útskriftarsýning í Upplýsingatækniskólanum:

Afrakstur námsins kynntur atvinnulífinu

Í fyrsta sinn í fjölda mörg ár útskrifast frá Upplýsingatækniskólanum nemendur í gamalgrónu iðngreinunum bókbandi og pentun. Þessar greinar hafa átt undir högg að sækja en undanfarið hefur áhugi vaxið á hæðarprentun svonefndu letterpress og handbandi.

Fram kemur í fréttatilkynningu að útskriftarnemar í grafískri miðlun, ljósmyndun, prentun og bókbandi í Upplýsingatækniskólanum verða með nemendasýningu á morgun, laugardaginn 15. nóvember, milli kl. 13:00 og 15:00. Sýningin er haldin í sal Vörðuskóla við Skólavörðuholt í Reykjavík og er gengið inn frá Barónsstíg.

Grafísk miðlun/prentsmíð, ljósmyndun, prentun og bókband eru allt löggildar iðngreinar. Útskriftarefnin eru 25, fjórir í bókbandi, þrír í prentun, tíu í grafískri miðlun/prentsmíð og átta í ljósmyndun.

Hóparnir, með aðstoð kennara, hafa unnið saman að skipulagi, uppsetningu og markaðassetningu á útskriftarsýningunni. Tilgangur hennar er að vekja athygli atvinnulífsins á sér því nú eru nemendur í þeim sporum að finna sér starfsþjálfunarpláss og ljúka sveinsprófi.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri flytur Garðbæingum boðskapinn.

Innbrotum fækkar í Garðabæ

Fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri þar á meðal, ásamt fulltrúum Garðabæjar hittust nýverið á árlegum haustfundi til að fara yfir stöðu mála og þróun brota. Á fundinum fór lögreglan yfir helstu tölfræði á milli ára í umdæminu, svo nokkuð sé nefnt, en greint er frá fundinum á vefsíðu Garðabæjar. Í máli Margeirs Sveinssonar stöðvarstjóra í Hafnarfirði kom margt fram og þar má nefna að innbrotum fækkar á milli ára í Garðabæ og eru undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Í Garðabænum mælast innbrot 1,1 á hverja þúsund íbúa, og hefur snarfækkað, því tilkynnt innbrot voru 4 á hverja þúsund íbúa árið 2011. Lítillega hefur dregið úr ofbeldisbrotum frá í fyrra, 0,7 tilkynnt brot á hverja þúsund íbúa, en hlutfallið var 0,6 brot á hverja þúsund árið 2011, svo dæmi séu tekin.

Gegn einelti

Linda Hrönn.

Leikskólinn Vesturkot í Hafnarfirði tekur þátt í tilraunavinnu á vegum Barnaheilla sem ber nafnið Vinátta ásamt fimm öðrum íslenskum leikskólum. Um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla.

Verkefnið á rætur að rekja til Danmerkur og ber þar heitið Fri for mobberi. Vináttuverkefnið hefur reynst mjög einfalt og hagkvæmt í notkun. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaefni og kennsluleiðbeiningar fyrir starfsfólk auk efnis til að nota með foreldrum. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum svo sem hlustun, umræðum, tjáningu í leik, tónlist og hreyfingu úti sem inni.

Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og rannsóknir í Danmörku hafa leitt í ljós mjög góðan árangur af notkun þess, segir í frétt um málið á vef Hafnarfjarðarbæjar. Þar segir einnig að Barnaheill geri ráð fyrir samstarfi við háskóla hérlendis um rannsóknir á árangri af notkun efnisins hér á landi. Hægt er að flétta vinnu með Fri for mobberi inn í flesta vinnu og námssvið leikskólans. Fri for mobberi er nú þegar notað á Grænlandi og í Eistlandi auk Danmerkur. Jafnframt hafa fjölmörg önnur ríki sýnt því áhuga. Linda Hrönn Þórisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, er tengiliður skólans við verkefnið.

Flytja inn í Urriðaholti

Fyrstu íbúðirnar í fjölbýli í Urriðaholti voru afhentar eigendum um mánaðamótin. Um er að ræða þrjár tveggja og þriggja herbergja íbúðir að Holtsvegi 23-25, sem byggingafélagið Borgarhraun reisir. Greint er frá því á vefsíðu Urriðaholts að nýir íbúðar séu ánægðir með eignirnar og umhverfið, svo sem tengingu við náttúruna en einnig nálægð við stofnbrautir.

Hér má sjá sjá hluta af útskriftarhópnum ásamt Geir Bjarnasyni æskulýðsfulltrúa og Báru Kristínu Þorgeirsdóttur sem hefur séð um námskeiðin.

Súrefni

Nýlega útskrifuðust 13 ungmenni af virkninámskeiðinu Súrefni. Námskeiðið er samvinnuverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Vinnumálastofnunar og fór fram í Ungmennahúsinu Húsið við Staðarberg.

Súrefni er ætlað ungu atvinnuleitandi fólki á aldrinum 16 - 24 ára, segir í frétt á vef Hafnarfjarðarbæjar. Markmið þess er að víkka sjóndeildarhring þátttakenda og auka félagslega virkni þeirra. Haldin hafa verið 21 námskeið á síðustu árum og hafa þau auðveldað ungu fólki að finna sér vinnu eða koma sér aftur í nám.

Á þessu sex vikna námskeiði fara þau í starfskynningar á áhugaverða vinnustaði, fá fræðslu um ýmis mál varðandi virkni og lífstíl auk þess að kynnast allskonar áhugaverðum tómstundum.

VILT ÞÚ ÖÐLAST STARFSRÉTTINDI?

FINNDU ÞÍNA FRAMTÍÐ Í SKEMMTILEGUM OG PERSÓNULEGUM SKÓLA

Opið er fyrir innritun frá 1. nóv. til 20. des. í gegnum menntagatt.is

Eftirfarandi námsleiðir í boði:
Almennt nám
Grunnnám bíliðna
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygg. og mannvirkja
Hársnyrtibraut 2. 3. 4. og 5. önn
Húsasmíði
Húsgagnasmíði
Listnám hönnun og handverk
Málmiðngreinar fyrri hluti
Pípulagnir
Rafvirkjun
Rennismíði
Stálsmíði
Tækniteiknun
Vélvirkjun

ALLIR ALDURSHÓPAR ERU VELKOMNIR

IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI
FAGMENNSKA · VIRÐING · ÞEKKING
Flatahrauni 12
220 Hafnarfirði
sími 585 3600
www.idnskolinn.is

Frábær golfnámskeið fyrir krakka á aldrinum 4-10 ára

Nú ætlum við í Keili að bjóða upp á **SNAG-golfæfingar** (golfþrautabraut) fyrir krakka 4-10 ára á laugardögum í Hraunkoti, æfingasvæði Keilis í vetur.
Æfingar verða á laugardögum, 18 vikur frá 22. nóvember.
Þátttökugjald fyrir 4-5 ára er 7.000 kr. (ekki niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ).
Fyrir 6-10 ára kostar 12.000 kr. (full niðurgreiðsla frá Hafnarfjarðarbæ).
Kylfur á staðnum fyrir alla.
Þátttakandi þarf að vera í fylgd með fullorðnum.

Endilega komið og prófið prufutíma fyrir skráningu!

SNAG® starting new at golf

Aldurskipting og mæting:
4-7 ára kl. 09:15 – 10:00
8-10 ára kl. 10:00 – 10:45

Skráning fer fram á heimasíðu Hafnarfjarðar
www.hafnarfjordur.is/minar-sidur/
Upplýsingar í Hraunkoti síma 565 3361 eða bjorgvin@keilir.is

GOLFKLÚBBURINN KEILIR 1967

Hraunkot
Golfæfingasvæði

broadcrown®

Hágæða rafstöðvar frá Broadcrown sem er einn af leiðandi rafstöðvarframleiðendum á heimsvísu.

Stærðir 6 kVA – 3350 kVA

AFLHLUTIR

Aflhlutir ehf | Drangahrauni 14 | 220 Hafnarfjörður | Sími: 544 2045 | aflhlutir@aflhlutir.is

LOFTVERKFÆRI.IS

ALLT FYRIR VIÐGERÐIR - ÞÚ FÆRÐ ÓTIÐ HJÁ OKKUR